



Minnsti afgangur af vöru- og þjónustuviðskiptum síðan 2010

Útflutningur vöru og þjónustu nam 374 mö.kr. á þriðja ársfjórðungi og dróst saman um 24,1 ma.kr. frá sama tímabili í fyrra, eða um 6,1%. Innflutningur vöru og þjónustu nam hins vegar 318,5 mö.kr. og dróst saman um 3,8 ma.kr., eða 1,2%. Afgangur af vöru- og þjónustuviðskiptum nam því 55,5 mö.kr.


Vöru- og þjónustujöfnuður dróst saman um 20,3 ma.kr. frá sama tímabili í fyrra, eða um 26,8%. Ef einungis er litið til afgangis á þriðja ársfjórðungi var afgangurinn nú sá minnsti síðan 2010 en þá nam hann 53,3 mö.kr. Vel að merkja var þetta árið áður en uppsveiflan í ferðaðþjónustu hófst.

Ellefta árið í röð með afgangi af vöru- og þjónustuviðskiptum


Afgangur hefur mælst af vöru- og þjónustuviðskiptum á þriðja ársfjórðungi síðan árið 2009. Fyrstu árin var afgangur af bæði vöruviðskiptum og þjónustuviðskiptum. Frá og með árinu 2014 hefur hins vegar mælst halli á vöruviðskiptum en áfram afgangur af þjónustuviðskiptum. Frá árinu 2014 hefur því mátt skýra afgang af vöru- og þjónustuviðskiptum einungis með afgangi af þjónustuviðskiptum. Halli á vöruviðskiptum nam 45,9 mö.kr. nú á þriðja ársfjórðungi og dróst hann saman um 1,7 ma.kr. milli ára, eða 3,7%. Afgangur af þjónustuviðskiptum nam hins vegar 101,3 mö.kr. og dróst saman um 22,1 ma.kr., eða 17,9%.

Minni afgangur af vöru- og þjónustuviðskiptum skýrist fyrst og fremst af samdrætti í ferðaðþjónustu

Þjónustuútflutningur nam 222,6 mö.kr. og dróst saman um 26 ma.kr. frá sama tímabili í fyrra, eða um 10,4%. Vöruútflutningur nam 151,4 mö.kr. og jókst hann um 1,8 ma.kr., eða 1,2%. Þjónustuinnflutningur nam 121,3 mö.kr. og dróst saman um 3,9 ma.kr., eða 3,1%. Vöruinnflutningur nam 197,3 mö.kr. jókst um 0,1 ma.kr., eða 0,03%. Skýringa á rúmlega 20 ma.kr. samdrætti í afgangi af vöru- og þjónustuviðskiptum má því nær eingöngu finna í samdrætti í þjónustuútflutningi. Þann samdrátt má síðan að miklu leyti skýra með





Heimild: Hagstofa Íslands



Heimild: Hagstofa Íslands



samdrætti í útflutningi ferðaþjónustu. Alls drógust útflutningstekjur ferðaþjónustunnar saman um 24,7 ma.kr. milli ára, eða 12,7% og skýrist sá samdráttur fyrst og fremst af samdrætti í farþegaflutningum. Farþegaflutningar drógust saman um 20,1 ma.kr., eða 29%, en ferðalög drógust saman um 4,6 ma.kr., eða 3,7%. Brotthvarf WOW air skýrir mun meiri samdrátt í farþegaflutningum ferðalögum en félagið var ennþá starfandi á þriðja ársfjórðungi síðasta árs. Samdrátturinn í útflutningstekjum ferðaþjónustu er hér mældur á gengi hvers tíma en gengisvísitala krónunnar var 10,8% hærrí á þriðja ársfjórðungi í ár en í fyrra. Ef þessi gengisveiking hefði ekki komið til hefði hlutfallslegur samdráttur í útflutningstekjum ferðaþjónustunnar orðið nokkuð meiri. Það sést best ef horft er á tekjurnar á föstu gengi krónunnar. Þá sést að tekjur af farþegaflutningum drógust saman um 35,9% og tekjur af ferðalögum um 13,1%.



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.